

- Á reikningi WIFT er 323 þúsund krónur.
- Ráðstefna - Búið að mynda skipulagsnefnd fyrir Ráðstefnuna okkar á næsta ári. Ríkey mun sitja í þeirri nefnd fyrir stjórn WIFT og hafa yfirumsjón með skipulagi. María Lea, Michelle Pröstler og Elísabet Thoroddsen hafa boðið sig fram í ráðstefnu nefndina.
- Ingibjörg Jenný ætlar að skipa í skemmtinefnd með sér til þess að halda utan um viðburði WIFT með sér.
- Maja fór á fund með Gaiu og Tíu sem eru skipuleggjendur TEDx Reykjavík. Þær eru byrjaðar að skipuleggja ráðstefnuna í ár og ætla að tileinka ráðstefnuna Kvennaárs 2025. Þær vilja heyra sem flestar raddir og þær höfðu Örnú Magneu Danks í huga. Maja hefur sett þær í samband við Örnú Magneu. Skipuleggjendur vildu líka reyna á kraft meðlima WIFT á Íslandi til þess að fá sjálfboðaliða til þess að taka upp ráðstefnuna. Nú þegar hafa tvær boðið sig fram og eru komnar í samband við skipuleggjendur.
- WIFT+ Toronto hefur haft samband og vill skipuleggja Online Networking event með WIFT á Íslandi. Planið er að hafa það í lok sumars.
 - Um 30 meðlimir WIFT+ Toronto hafa verið að mæta á þessa viðburði.
 - Meðlimir WIFT Ísland sem munu mæta á þennan viðburð munu ræða við hitt félagið um stöðu framleiðslu á Íslandi.
 - Break out rooms þar sem mun fara 15-20 mínútna samtöl á milli aðila beggja samtaka.
 - Viðburðurinn mun vera í ca. 1.5 tíma.
- Nemendafélag Kvikmyndadeildar í LHÍ verða með kvikmyndahátíðina FILMA í næstu viku í Bíó Paradís. Fyrsti útskriftarargangurinn er núna og þess vegna verður hátíðin með stærra sniði en þau eru vön. Pallborðsumræða verður 28. Maí klukkan 18:30 í Bíó Paradís og fulltrúar frá hagsmunafélögum í kvikmyndagerð verða í pallborðinu. Maja var beðin um að koma að sitja í pallborðinu og mun sitja í því.
(Hætt var við viðburð)
- **Annað**
 - Maja er búin að hafa samband við FKA, Félag kvenna í atvinnulífinu, til þess að athuga með áhuga fyrir að skipuleggja networking kvöld.
 - Aðalfundur FKA er fimmtudaginn 22. Maí og er kosning um nýja stjórn.
 - Ný stjórn mun hafa samband varðandi networking kvöld í lok maí.
 - Auglýsa opnir stjórnarfundir annað slagið.
 - Sumarfrí frá stjórnarfundum eftir aðalfundinn og byrja aftur í byrjun september að funda. Gerð er sú krafa að allar í stjórn sinni þeim verkefnum sem þær bera ábyrgð á þó svo það séu ekki fundir í sumar.